

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr., skal skattur, er um ræðir í 3. gr., innheimtast þannig árið 1964, að af bifreiðum, fluttum milli umdæma frá 1. janúar til 18 maí á því ári, innheimtir fyrra umdæmið gjöldin til umskráningardags en hið síðara hinn hlutann.

Fjármálaráðuneytið, 22. júní 1964.

Gunnar Thoroddsen.

Sigtr. Klemenzson.

3. júlí.

Nr. 134.

REGLUGERÐ

um rekstrarstyrk ríkissjóðs til sjúkrahúsa sveitarfélaga vegna ársins 1963.

1. gr.

Ríkissjóður greiðir sérstakan styrk vegna rekstrarhalla sjúkrahúsa sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum fjárlaga 1964, er miðast við legudagafjölda árið 1963.

2. gr.

Sjúkrahúsin falla eftir þjónustu í þrjá aðalflokka til að hljóta rekstrarstyrk. Í I. flokki eru deildaskipt sjúkrahús, þ. e. sjúkrahús með minnst þremur deildum, lyflæknisdeild, handlæknisdeild og röntgendeild.

Í II. flokki eru sjúkrahús, sem hafa sérstakan sjúkrahúslækni eða yfirlækni, auk annarrar lækniþjónustu, en falla ekki undir I. flokk. Í III. flokki eru sjúkrahús eða sjúkraskýli, sem héraðslæknar veita forstöðu.

Hver hinna þriggja flokka skiptist í tvo undirflokka, A og B. Á þessu ári skal þó ekkert sjúkrahús falla í I. flokk A.

3. gr.**Í I. flokki B eru:**

Borgarspítalinn í Reykjavík
Sjúkrahús Akureyrar.

Í II. flokki A eru:

Hvítabandið
Sjúkrahús Akraness
Sjúkrahús Ísafjarðar
Sjúkrahús Neskaupstaðar
Sjúkrahús Keflavíkur.

Í II. flokki B eru:

Sjúkrahús Sauðárkróks
Sjúkrahús Siglufjarðar
Sjúkrahús Vestmannaeyja
Sjúkrahús Árnesinga.

Í III. flokki A eru:

Farsóttarhúsið í Reykjavík
 Sjúkrahús Patreksfjarðar
 Sjúkrahús Blönduóss
 Sjúkrahús Húsavíkur
 Sjúkrahús Seyðisfjarðar
 Sólvangur í Hafnarfirði.

Í III. flokki B eru:

Sjúkrahús Þingeyrar
 Sjúkrahús Flateyrar
 Sjúkrahús Bolungarvíkur
 Sjúkrahús Hólmavíkur
 Sjúkrahús Hvammstanga
 Sjúkrahús Vopnafjarðar
 Sjúkrahús Egilsstaða.

4. gr.

Hlutfallstala styrkhæðar á legudag í hverjum flokki skal vera:

Í I. flokki A	100%
– I. flokki B	90%
– II. flokki A	70%
– II. flokki B	60%
– III. flokki A	50%
– III. flokki B	40%

5. gr.

Samkvæmt ákvæðum fjárlaga 1964, sbr. 12. gr. VI. lið, þar sem heildarstyrkurinn er ákveðinn kr. 8 000 000,00, verður skipting hans í krónutölu á legudag milli flokka eftirfarandi:

I. flokkur B	kr. 39.00
II. flokkur A	— 30.00
II. flokkur B	— 26.00
III. flokkur A	— 21.00
III. flokkur B	— 17.00

6. gr.

Fjöldi legudaga í hverju sjúkrahúsi árið 1963 reiknast samkvæmt skýrslu sjúkrahússins.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 41 20. maí 1964, um breyting á sjúkrahúsalögum nr. 93 31. desember 1953, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 3. júlí 1964.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.